

Breytingartillaga Ómars Ragnarssonar og Þorvalds Gylfasonar við 3. gr. B-nefndar um stjórnarmyndun

Þegar skipa skal forsætisráðherra leggur forseti Íslands fram tillögu eftir samráð við þingflokka og alþingismenn. Þingið greiðir atkvæði um tillöguna innan fjögurra (NB) virkra daga.

Verði tillagan ekki samþykkt leggur forseti fram tillögu að nýju og atkvæðagreiðsla er endurtekin skv. 1. mgr. Hafi tillögum forseta verið hafnað fjórum sinnum getur hann annaðhvort rofið þing og boðað til alþingiskosninga eða skipað forsætisráðherra utanþingsstjórnar. Samþykki Alþingi ekki tillögu forseta um forsætisráðherra utanþingsstjórnar, getur forseti lagt málið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Hafni Alþingi lagafrumvarpi utanþingsstjórnar, getur forseti skotið málinu til þjóðarinnar.

Ef Alþingi samþykkir tillögu um forsætisráðherra ákveður [hann/hún] skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þá tilnefnir [hann/hún] ríkisstjórn sína og tilkynnir hana forseta Alþingis svo fljótt sem verða má.

Forseti Íslands skipar forsætisráðherra fyrir hönd Alþingis og veitir [honum/henni] lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.

Samþykki Alþingi vantraust á ríkisstjórn er forseta Íslands því aðeins skylt að veita henni lausn frá störfum, að Alþingi samþykki tillögu um forsætisráðherra sem njóti trausts þingsins.

24. júní 2011